

Fundargerð skólaráðs Hlíðaskóla

Dagsetning: miðvikudagurinn 12. nóvember 2025

Tími: kl. 8:30

Fundarstaður: TEAMS

Mættir:

- Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri
- Anna Soffía, kennari
- Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi foreldra

Forföll:

- Brynja Blumenstein, fulltrúi kennara
- Einar Máni Friðriksson

Dagskrá

1. Skóladagatal Hlíðaskóla 2025–2026

Berglind kynnti breytt skóladagatal (sjá viðhengi) þar sem skólaslit voru færð til 10. júní í stað 9. júní. Samhliða var gerð breyting í febrúar þannig að í stað tveggja skerta nemendadaga undir nemendastýrð foreldraviðtöl verður einn dagur 10. febrúar. Niðurstaða: Breytt skóladagatal samþykkt samhljóða.

2. Eftirlitsmyndavélar

Berglind greindi frá því að lengi hafi staðið til að koma upp eftirlitsmyndavélum við innganga og á skólalóð. Málið hafi áður verið rætt en strandað á kostnaði. Nú séu möguleikar á viðráðanlegu kerfi, og leggur skólastjórn til að farið verði í kaup á slíku búnaði. Foreldrafélag skólans hefur lagt ríka áherslu á þetta atriði og skólastjórnendur taka undir mikilvægi þess. Niðurstaða: Samþykkt samhljóða að ráðast í kaup á eftirlitsmyndavélum.

Fundi slitið: kl. 9:10

Berglind Stefánsdóttir, fundarstjóri

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, ritari

Samþykkt af skólaráði